

HH1 - Breytingar í Framkvæmdaráætlun LN

Til : Jón Eiríkur Einarsson <jone@skorradalur.is>
Frá : Hlín Benediktsdóttir <hlin@landsnet.is>
Heiti : HH1 - Breytingar í Framkvæmdaráætlun LN
Málsnúmer : 2504009
Málsaðili : Landsnet hf
Skráð dags : 01.09.2025 10:14:38
Höfundur : Hlín Benediktsdóttir <hlin@landsnet.is>

Viðhengi [landsnet_20_undirskrift_7794abf6-9044-4665-b324-b3e865aae96d.png](#)
[landsnet_20_undirskrift_7794abf6-9044-4665-b324-b3e865aae96d.png](#)

Sæll Jón

Hér kemur samantekt á því sem kom fram í samtali okkar í síðustu viku:

Framkvæmdaráætlun kerfisáætlunar 25-34 verður send til Raforkueftirlitsins í dag 1. september. Breytingar voru gerðar á tímalínu Holtavörðuheiðarlínu 1 og hún færð fyrir aftan Holtavörðuheiðarlínu 3. Samkvæmt framkvæmdaráætlun munu framkvæmdir hefjast í lok árs 2028 eða byrjun árs 2029.

Breytingin er tilkomin vegna samræmingar við aðrar línuframkvæmdir á svæðinu, þ.e. Blöndulínu 3 og Holtavörðuheiðarlínu 3. Ekki er talið æskilegt að framkvæmdir við fleiri en eina 220 kV loftlínu fari fram samtímis, meðal annars vegna:

- Nýta fjárfestingargetu flutningsfyrirtækisins með hagkvæmari hætti
- Vegna óvissu um aðgang að verktökum/mannafla
- Til að milda áhrif á flutningsgjaldskrá

Jafnframt hefur verið tekin ákvörðun um að víxla tímaröð Holtavörðuheiðarlínu 1 og 3 til að ná fram þeim kerfislega ávinningi sem felst í spennusetningu Holtavörðuheiðarlínu 3.

Við munum þó ekki slá slöku við í undirbúningi Holtavörðuheiðarlínu 1 og höldum okkar striki þar. Stefnt er á að samningaviðræður við landeigendur hefjist núna í haust og unnið verður með sveitarfélögum að skipulags- og öðrum leyfismálum. Fari svo að undirbúningsferlið gangi betur en áætlanir gera ráð fyrir þá verður staðan endurskoðuð.

Bkv. Hlín

Hlín Benediktsdóttir
Forstöðumaður verkundirbúnings og hönnunar
Eignir og rekstur / Asset Management and Operations
Tel / Sími: 563 9300 / E-mail: hlin@landsnet.is